

## **Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa**

Úrskurður uppkveðinn 20. desember 2021 í máli nr. 37/2021

Kærunefndina skipa í þessu máli Ívar Halldórsson lögfræðingur, Jón Rúnar Pálsson lögmaður og Víðir Smári Petersen dósent.

### **I**

#### **Aðild og kröfugerð**

Þann 18. mars 2021 barst kærunefnd vöru- og þjónustukaupa beiðni um úrskurð nefndarinnar, hér eftir nefnd kvörtun, frá X, hér eftir sóknaraðili, vegna ágreinings í viðskiptum við fyrirtækið Y, hér eftir varnaraðili.

Sóknaraðili telur að varnaraðili hafi krafist of hárrar greiðslu fyrir viðgerð vegna tjóns sem varð á bifreið sem sóknaraðili leigði af varnaraðila. Sóknaraðili krefst þess að varnaraðila verði gert að endurgreiða honum hluta af þeirri greiðslu sem innt var af hendi vegna tjónsins. Varnaraðili krefst þess að kröfu sóknaraðila verði hafnað.

### **II**

#### **Málsmeðferð hjá kærunefndinni**

Með bréfi, dags. 26. mars 2021, var varnaraðila gefinn kostur á að senda andsvör til nefndarinnar í samræmi við 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa. Andsvör varnaraðila bárust til nefndarinnar þann 7. apríl 2021. Nefndinni bárust ekki frekari athugasemdir.

Framlögð gögn í málinu eru auk kvörtunar og andsvara, leigusamningur vegna leigu á bifreiðinni, reikningur vegna viðgerðar á bifreiðinni að fjárhæð 641.212 krónur, dags. 29. október árið 2020, staðfesting á greiðslu að fjárhæð 1.400 evrur þann 1. nóvember 2020 og að fjárhæð 1.600 evrur þann 25. nóvember 2020, yfirlit yfir ástand bifreiðarinnar við skil á bifreiðinni þann 29. október 2020, svo og kostnaðarmat eða svokallað CABAS mat frá fyrirtækinu SBJ Réttingar ehf. vegna tjónsins, dags. 29. október 2020.

Með bréfi, dags. 7. júní 2021, var aðilum tilkynnt að gagnaöflun væri lokið og kærunefndin hefði tekið málið til úrskurðar.

### **III**

#### **Málsatvik og ágreiningsefni**

Sóknaraðili leigði ferðabifreið, af gerðinni Renault Traffic, af varnaraðila frá 23. október 2020 til 28. október árið 2020. Greiddi sóknaraðili 376 evrur fyrir leiguna. Þegar sóknaraðili mætti til varnaraðila til að skila bifreiðinni þann 28. október 2020 segir sóknaraðili að bifreiðin hafi orðið fyrir tjóni þegar hann ók henni aftur á bak og lenti á ljósastaur. Samkvæmt gögnum málsins varð bifreiðin fyrir tjóni á hurð sem staðsett er aftan á bifreiðinni, svo og á aftari stuðaranum og aftari bílrúðunni.

Þann 29. október 2020 lagði varnaraðili fram kostnaðarmat vegna viðgerðar á bifreiðinni að fjárhæð 641.212 krónur eða 3.870 evra. Krafðist varnaraðili greiðslu vegna tjónsins sem nemur 3.000 evrum úr hendi sóknaraðila, þ.e. umsaminnar hámarksgreiðslu leigjanda vegna tjóns. Sóknaraðili greiddi 1.400 evrur þann 1. nóvember 2020 og 1.600 evrur þann 25. nóvember 2020.

Sóknaraðili telur að greiðslukrafa varnaraðila hafi ekki verið í samræmi við raunverulegt tjón bifreiðarinnar og krefst endurgreiðslu sem nemur mati kærunefndarinnar á hæfilegum viðgerðarkostnaði. Varnaraðili krefst þess að kröfu sóknaraðila verði hafnað.

### 3.1. Sjónarmið sóknaraðila

Sóknaraðili bendir á að hann hafi komið með þá tillögu til varnaraðila að sóknaraðili leiti að öðru verkstæði til að gera við bifreiðina til að fá kostnaðinn lækkaðan. Á meðan á þeirri leit stóð, áður en svar hafði borist frá öðru verkstæði, hafi varnaraðili hins vegar tilkynnt sóknaraðila að viðgerð á bifreiðinni væri þegar hafin. Sóknaraðili kveðst hafa borið viðgerðarkostnaðinn undir aðra aðila og allir hafi verið hissa á verðinu. Meðal annars hafi þær upplýsingar fengist frá viðgerðaraðila að slíkur kostnaður væri ekki mögulegur vegna sambærilegs tjóns.

Sóknaraðili telur að umkrafinn fjárhæð sé ekki í samræmi við raunverulegt umfang tjónsins og eðlilegan viðgerðarkostnaðar. Krefst sóknaraðili þess að varnaraðila verði gert að endurgreiða honum þá greiðslu sem innt var af hendi, umfram eðlilegan viðgerðarkostnað að mati kærunevndarinnar.

### 3.2. Sjónarmið varnaraðila

Varnaraðili bendir á samkvæmt CABAS mati á viðgerðarkostnaðinum sé tjónið að fjárhæð 641.212 krónur. Slíkt mat fari fram hjá viðurkenndum þriðja aðila, tjónamat á grundvelli CABAS kerfisins. Fyrirtækið SBJ réttningar ehf. hafi metið tjónið og það hafi verið nokkuð vel yfir þeim 3.000 evrum sem sjálfsábyrgð viðkomandi leigutaka hafi numið.

## IV

### Niðurstaða

Kærunevnd vöru- og þjónustukaupa starfar samkvæmt lögum nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála og reglugerð nr. 1177/2019 um kærunevnd vöru- og þjónustukaupa sem hvoru tveggja tóku gildi þann 1. janúar 2020.

Sóknaraðili tók á leigu ferðabifreið í eigu varnaraðila, af gerðinni Renault Traffic, frá 23. til 28. október árið 2020. Þegar sóknaraðili var við það að skila bifreiðinni ók hann bifreiðinni aftur á bak, lenti á ljósastaur og olli með því tjóni á bifreiðinni. Varnaraðili sendi sóknaraðila tjónamat, dagsett degi síðar þann 29. október árið 2020, þar sem viðgerðarkostnaður var sagður að fjárhæð 641.212 krónur eða 3.870 evrur. Varnaraðili krafðist greiðslu að fjárhæð 3.000 evrur sem nemur umsaminni hámarksgræiðslu vegna tjóns samkvæmt leigusamningi málsaðila. Sóknaraðili greiddi 1.400 evrur þann 1. nóvember 2020 og 1.600 evrur þann 25. nóvember 2020.

Sóknaraðili telur að umkrafinn og metinn viðgerðarkostnaður vegna tjónsins hafi verið hærri en eðlilegt geti talist með hliðsjón af umfangi tjónsins. Krefst sóknaraðili þess að varnaraðila verði gert að lækka greiðslukröfu sína til samræmis við eðlilegan kostnað að mati kærunevndarinnar. Varnaraðili krefst þess að kröfu sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili starfar samkvæmt lögum nr. 65/2015 um leigu skráningarskyldra ökutækja. Í 6. mgr. 6. gr. laganna segir að ökutækjaleiga skuli í hvívetna leysa störf sín af hendi svo sem góðar viðskiptavenjur bjóða. Ökutækjaleiga skuli gæta þess að skráningarskyld ökutæki til útleigu séu í góðu ásigkomulagi, hljóti gott viðhald og eftirlit og fullnægi kröfum sem gerðar eru um þau í lögum og reglugerðum. Þá segir í 7. mgr. 6. gr. laganna að ökutækjaleigu beri að tryggja að leigutaka séu ekki settir ólögmætir, ósanngjarnir eða óeðlilegir skilmálar í samningum. Samkvæmt 1. mgr. 7. gr. laganna skal gerður leigusamningur um leigu ökutækis. Í 1. mgr. 8. gr. reglugerðar nr. 840/2015 um leigu skráningarskyldra ökutækja segir að ökutækjaleiga skuli í hvívetna leysa störf sín af hendi svo sem góðar viðskiptavenjur bjóða í samræmi við 6. gr. laga nr. 65/2015. Í 3. mgr. ákvæðisins kemur fram að ökutækjaleiga skuli gæta þess að leigutakar njóti jafnræðis um upplýsingar, verð og önnur viðskiptakjör, svo og að leigutaka séu eigi settir ólögmætir, ósanngjarnir eða óeðlilegir skilmálar í samningum.

Í gögnum málsins er að finna afrit af samningi sóknaraðila og varnaraðila vegna leigu á ferðabifreiðinni. Þar kemur fram að sóknaraðili beri takmarkaða ábyrgð á tjóni sem hann kann að valda á bifreiðinni samkvæmt svokallaðri CDW tryggingu. Í þeirri tryggingu felst samkvæmt samningnum: „The rental charge includes statu[t]ory motor vehicle insurance (CDW), i.e. third-party liability insurance and accident insurance for the driver and owners. The lessee is responsible for any liability up to 3,000€ + any towing fee“. Umsamin hámarksgreiðsla sóknaraðila vegna tjóns var því að fjárhæð 3.000 evrur. Í fyrirliggjandi samningi sóknaraðila og varnaraðila er ekki að finna nánari upplýsingar um uppgjör vegna tjóns eða hvernig fjárhæð rauntjóns skuli metin.

Þegar sóknaraðili skilaði bifreiðinni og ljóst var að tjón hafði orðið á henni var fyllt út eyðublað vegna tjónsins sem er dagsett þann 29. október 2020. Þar kemur fram að skemmd hafi orðið á hægri afturhurð bifreiðarinnar, á rúðu og stuðara. Svo segir: „The lessee is responsible for any damage to the vehicle up to 3000EUR according to the CDW insurance policy.“ Þar segir einnig: „After professional calculation of the workshop, costs of the repair are 3870EUR, therefore in connection with the above mentioned, Kuku Campers has the right to withhold the amount of €3000 for the damage. Invoice has been attached to this document.“

Í reikningi varnaraðila, dags. 29. október 2020, var viðgerðarkostnaður metinn að fjárhæð 641.212 krónur eða 3.870 evrur. Þar af var kostnaður vegna viðgerðarinnar áætlaður með eftirfarandi hætti án virðisaukaskatts:

- „Bodu repair work“ alls 67.860 krónur fyrir 5,22 klukkustunda vinnu.
- „Spare parts / Material“ að fjárhæð 343.600 krónur án nánari útlistunar.
- „Painting“ að fjárhæð 14.800 krónur fyrir 4,67 klukkustunda vinnu.
- „Painting Material“ alls 31.491 krónur án nánari útlistunar.
- „Rust Protection“ að fjárhæð 390 krónur fyrir 0,03 klukkustunda vinnu.
- „Administrative Cost“ að fjárhæð 4.650 krónur án nánari útlistunar.

Samkvæmt framlögðu CABAS mati fyrirtækisins SBJ Réttingar ehf. var komist að sömu niðurstöðu og í reikningi varnaraðila um áætlaðan viðgerðarkostnað, þó einstaka kostnaðarliðir séu ekki að öllu leyti sambærilegir. Í athugasemdum vegna CABAS kostnaðarmatsins sagði um viðgerðina að það þurfi að: „[s]kipta um og mála h/gaflhurð, ný rúða í h/gaflhurð og skipt um stuðara og líklega stuðarabita. Samlita v/gaflhurð“. Í CABAS matinu var kostnaður viðgerðarinnar sagður eftirfarandi án virðisaukaskatts:

- „Yfirbyggingarvinna, Af/Á“ alls 67.860 krónur fyrir 5,22 klukkustunda vinnu.
- „Varahlutir (Afsláttur 22.942)“ að fjárhæð 304.794 krónur.
- „Annað efni (Afsláttur 0)“ að fjárhæð 34.730 krónur.
- „Efni af lager“ að fjárhæð 4.072 krónur.
- „Málunarvinna“ að fjárhæð 69.116 krónur fyrir vinnu í 4,67 klukkustundir.
- „Ryðvörn“ að fjárhæð 390 krónur.
- „Akstur“ að fjárhæð 4.650 krónur.

Samkvæmt framangreindum reikningi varnaraðila vegna tjónsins og útfyllta eyðublaðinu vegna tjónsins, dags. 29. október 2020, hafði varnaraðili þegar metið fyrirhugaðan viðgerðarkostnað vegna tjónsins aðeins einum degi eftir að tjónið átti sér stað. Ekki liggur fyrir hver stóð að baki kostnaðarmati á viðgerðarkostnaðinum þann 29. október árið 2020 eða hvaða forsendur lágu þar að baki. Framlögð skjöl eru aðeins merkt varnaraðila. Samkvæmt CABAS tjónamatinu var bifreiðin afhent til skoðunar hjá fyrirtækinu SBJ Réttingar ehf. þann 9. nóvember árið 2020, eða um 11 dögum eftir að framangreindur reikningur varnaraðila var lagður fram vegna áætlaðs viðgerðarkostnaðar. Í báðum tilvikum, þ.e. þann 29. október 2020 og þann 11. nóvember 2020,

var komist að sömu niðurstöðu að öllu leyti um áætlaðan kostnað vegna viðgerðarinnar að fjárhæð 3.870 evrur.

Til þess að krefjast skaðabóta frá sóknaraðila vegna tjónsins ber varnaraðila samkvæmt almennum reglum skaðabótaréttarins að sýna fram á fjárhagslegt tjón sitt, umfang tjónsins og að sóknaraðili beri ábyrgð á tjóninu, vegna þeirra skemmda sem urðu á bifreiðinni.

Af gögnum málsins verður ráðið að bifreiðin hafi orðið fyrir tjóni og að tjónið megi rekja til athafna sóknaraðila. Tjónið fólst í því að afturhurð bifreiðarinnar beyglaðist, skemmdir urðu á stuðaranum og einnig virðist afturrúðan hafa brotnað. Stendur þá eftir hvort ráða megi með vissu af gögnum málsins hvert var raunverulegt fjárhagslegt tjón varnaraðila vegna skemmda á bifreiðinni.

Framangreindu CABAS tjónamati var aflað einhliða af hálfu varnaraðila og er sett fram með óljósum hætti svo erfitt er að átta sig á því hvernig raunverulegt tjón er fundið út með hlutlausum hætti. Ekki er sýnt fram á að nauðsynlegt sé að framkvæma alla þætti kostnaðarmatsins vegna tjóns sem beinlínis og einvörðungu megi rekja til óhapps sóknaraðila. Af fyrirliggjandi kostnaðarmati verður þar af leiðandi ekki að fullu ráðið hvernig raunverulegt tjón varnaraðila, sem rakið verður til sóknaraðila, er fundið út. Framlagning á slíku tjónamati dugar aukinheldur ekki ein og sér til þess að sýna fram á að hvaða marki sóknaraðili hafi valdið varnaraðila fjárhagslegu tjóni með skaðabótaskyldri háttsemi. Verður einnig að liggja fyrir að tilgreind viðgerð hafi í raun farið fram líkt og varnaraðili byggir á og að varnaraðili hafi greitt fyrir hana. Samkvæmt CABAS matinu var viðgerð á bifreiðinni lokið tveimur dögum eftir að bifreiðin var afhent til viðgerðar, eða þann 11. nóvember árið 2020. Viðtakandi CABAS matsins er sagður Sjóvá-Almennar tryggingar hf.

Kærunefndin óskaði eftir gögnum og upplýsingum frá varnaraðila við meðferð málsins sem sýnt gætu fram á raunverulegt fjárhagslegt tjón varnaraðila. Var óskað eftir greiðslustaðfestingu vegna þeirrar greiðslu sem varnaraðili varð að greiða vegna viðgerðar á bifreiðinni. Þá var óskað eftir upplýsingum um það hvort umþrætt bifreið í eigu varnaraðila hafi verið tryggð s.k. kaskótryggingu þegar tjónið varð og hvort varnaraðili hafi fengið tjónið bætt í heild eða að hluta frá váttryggingarfélagi sínu. Engin svör hafa borist frá varnaraðila þrátt fyrir ítrekun.

Þrátt fyrir að óumdeilt sé milli málsaðila að sóknaraðili hafi valdið tjóni á bifreiðinni hefur varnaraðili ekki sýnt fram á raunverulegt fjárhagslegt tjón sitt vegna viðgerðar á bifreiðinni. Ekki liggur fyrir hvort varnaraðili hafi fengið tjón sitt bætt frá váttryggingarfélagi sínu í heild eða að hluta, en slíkar upplýsingar eru nauðsynlegar til að meta hvort skaðabótaréttur hafi stofnast samkvæmt 1. mgr. 19. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Ekkert liggur fyrir sem staðreynt að viðgerð hafi í raun farið fram á bifreiðinni frá 9. til 11. nóvember 2020. Þá liggur ekkert fyrir sem sýnir fram á að varnaraðili hafi greitt þann viðgerðarkostnað sem tilgreindur er í kostnaðarmati fyrirtækisins SBJ Réttingar ehf. vegna viðgerðar á bifreiðinni eða hvaða fjárhæð, ef önnur en greint er frá í kostnaðarmatinu, hafi verið greidd af varnaraðila. Verður því ekki séð á hvaða grundvelli varnaraðili krafðist greiðslu að fjárhæð 3.000 evrur frá sóknaraðila. Samningur sóknaraðila og varnaraðila, þar sem greint er frá almennri hámarksgræiðsluskyldu sóknaraðila vegna tjóns sem kann að verða á bifreiðinni af völdum sóknaraðila, hefur ekki áhrif á þá grundvallarskyldu varnaraðila að sýna fram á umfang þess fjárhagslega tjóns sem hann varð fyrir til þess að krefjast skaðabóta af þeim sökum.

Með hliðsjón af gögnum málsins verður að fallast á kröfu sóknaraðila að fullu. Ber varnaraðila að endurgreiða sóknaraðila 3.000 evrur. Ekki verður tekin afstaða til þeirrar fjárhæðar sem sóknaraðila ber að greiða varnaraðila vegna tjónsins enda hvílir sönnunarbyrði þess efnis á varnaraðila.

V  
**Úrskurðarorð**

Varnaraðila, Y, ber að greiða sóknaraðila, X, 3.000 evrur.

Málskotsgjald að fjárhæð 5.000 krónur verður endurgreitt sóknaraðila samkvæmt a. lið 2. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru og þjónustukaupa.

Varnaraðila ber að greiða gjald vegna kostnaðar nefndarinnar af meðferð málsins að fjárhæð 35.000 krónur, sbr. 3. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa.

Víðir Smári Petersen  
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Ívar Halldórsson